

Sþ.

## 62. Tillaga til þingsályktunar

[59. mál]

um varnir byggðanna í Álftaveri og Vík í Mýrdal gegn hugsanlegu tjóni af völdum Kötluhlaups.

Flm.: Ragnar Jónsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta undirbúa og hefja þegar á næsta ári nauðsynlegar aðgerðir til varnar mannvirkjum og gróðurlöndum í Álftaveri og Vík í Mýrdal með tilliti til hugsanlegs Kötluhlaups, á grundvelli þeirra athugana, sem þegar hafa verið framkvæmdar og fyrir liggja.

### Greinargerð.

Katla hefur gosið 16 sinnum eftir landnámstíð. Fyrsta gosið, sem vitað er um, varð árið 894, en hið síðasta haustið 1918, svo sem kunnugt er.

Oftast hefur Katla gosið tvisvar á öld, og hefur ætíð fylgt gosunum mikið öskufall og jökulhlaup.

Í Vestur-Skaftafellssýslu hafa Kötlugosin lagt fjölda jarða í eyði, grafið grónar lendur undir jökulaur og sandi, eitrað gróður og grandað húfé bænda.

Eftir því sem Katla hefur hagað sér um aldaradír, má fara að búast við gosi hvenær sem er úr þessu. Hvert gos boðar mikla vá. Ávallt hafa Kötlugosin valdið miklu tjóni, en þó misjafnlega miklu. Þótt ekki sé hægt að spá um það, hvernig næsta gos muni haga sér, ef það brýzt út, er þó öruggt, að því fylgir jökulhlaup, sem ryðjast mun fram Mýrdalssand til sjávar. Álftaverið yrði að öllum líkindum umflotið og vegurinn yfir Mýrdalssand ófær yfirferðar um lengri eða skemmri tíma.

Fyrir nokkrum árum var gerður flugvöllur í Álftaveri, m. a. með tilliti til þessa. Gæti svo farið, að einu samgöngumöguleikar Álftveringa yrðu um þennan flugvöll um tíma. Það er því mikils um vert, að hann verði gerður svo öruggur gegn jökulhlaupi sem unnt er.

Að beiðni samgöngumálaráðherra hefur verkfræðingur frá vegamálastofnunni gert þarna nokkrar athuganir. Þær athuganir benda til þess, að þarna megi með tiltölulega litlum kostnaði reisa þær varnir, sem að gagni megi verða. Er þar um að ræða varnargarða á tveim stöðum. Enn fremur virðist mega auka allverulega á öryggi Álftaversins með nýjum varnargarði við ána Skálm.

Meginhluti Víkurkaupþúns í Mýrdal stendur, eins og kunnugt er, á lágrri sléttu austan við Reynisfjall. Öll nýbyggðin, sem risið hefur upp hin síðustu ár, er að heita má á þessari sléttu, aðeins fáa metra ofan við sjávarmál. Er þetta eðlileg afleiðing þess, að landið hefur færzt mjög fram eftir síðasta Kötlugos, sandfokinu af fjörunni hefur að mestu verið bægt frá og gróðurlandið aukizt að mun.

En séu heimildir um Kötlugosin athugaðar, sést, að jökulhlaupin hafa mjög oft komizt alla leið vestur að Reynisfjalli og fært í kaf land það, sem kaupþúnið í Vík stendur nú á. Þarf ekki að lýsa því, hver voði það væri, ef þetta ætti eftir að endurtaka sig. Þótt naumast sé gert ráð fyrir, að jökulhlaup komi svo skyndi-

lega, að mannslífum ætti beinlínis að vera hætt í þorpinu, geta mikil verðmæti verið í veði. Er því óhjákvæmilegt að gera allar þær ráðstafanir til varúðar, sem tiltækilegar þykja.

Að tilhlutan samgöngumálaráðherra gerði verkfræðingur frá vegamálastofnunni, sá hinn sami sem gerði tillögur um varnir Álftaversins, athuganir á því síðastliðinu sumar, hvað gera mætti til öryggis, ef hugsanlegt Kötluhlaup leitaði vestur með Víkurhömrum í átt til Víkurkaupþúns. Leiddi þetta í ljós, að 320 metra garður, sem ýtt yrði upp í skarði því, sem þjóðleiðin liggur um milli Höfðabrekkuháls og svokallaðs Höfðabrekkujökuls, mundi veita mjög mikla vörn. Stuttur garður við Víkurklett, sem er skammt austan við kaupþúnið, mundi og auka á vörnina, ef hann yrði byggður jafnframt. En um fyrrnefnt skarð hafa flóðin oftast farið á undanfórnum öldum. Þó varð það ekki í gosinu 1918, en munaði mjög litlu að sögn kunnugra manna.

Okkur flutningsmönnum þáttill. þessarar hefur skilizt, að þegar farið var að byggja að ráði niðri á sléttunni í Vík, hafi þáverandi skipulagsstjóri lagt til, að sem fyrst yrði hafizt handa um varnir gegn Kötluhlaupum. Af framkvæmdum hefur ekki orðið til þessa. Er hér um stórmál að ræða, og getur heill og hamingja fjölda fólks oltið á því, hvernig framkvæmd þess verður.